

Sjóðsfélagar okkar vita fyrir hvað við stöndum

Séreignarsparnaður er áfram góð sparnaðarleið þrátt fyrir þær skattabreytingar sem nú eru í burðarliðnum. Fólk má ekki gleyma því að það verður áfram frádráttur á 2% frá tekjum og að það fær áfram mótframlag launagreiðanda sem gerir sparnaðinn að góðum valkosti og svo er séreignarsparnaður mikilvægur til að geta haft það gott þegar starfsævinni lýkur,” segir Tómas Gunnar Viðarsson, sérfræðingur á Eignastýringarsviði Auðar Capital.

„Við minnum á að ekki er greiddur auðlegðarskattur af því sem er greitt í séreignarsparnað og einnig finnst mörgum það mikill kostur hversu sjálfvirkur séreignarsparnaðurinn er, þ.e.a.s. að vinnuveitandinn dregur hann af launum og hann fer þannig sjálfkrafa í sparnaðinn, því að það þekkja það margir að ætla að spara en það vill gleymast í dagsins önn.“

„Alveg frá því að við hjá Auði Capital fórum af stað með FramtíðarAuði – séreign höfum við haft sérstöðu á þessum markaði. Við vinnum að því að vera valkostur þeirra sem vilja sjá breytta hugsun á fjármálamarkaði.“

Hver er sérstaða ykkar?
„Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á áhættumeðvitund og okkur er umhugað um að sjóðsfélagar okkar skilji þá áhættu sem



Tómas Gunnar Viðarsson, sérfræðingur á Eignastýringarsviði Auðar Capital, bendir á að FramtíðarAuður sé valkostur þeirra sem vilji sjá breytta hugsun á fjármálamarkaði.

tekin er,” segir Tómas og bendir á að mikilvægt sé að sjóðsfélagar velji sér ávöxtunarleið sem henti aldri og áhættuþoli. „Okkar markmið er að byggja upp verðmæti til

lengri tíma, en séreignarsparnaður er hjá langflestum lengri tíma sparnaður.

Ávöxtun skiptir miklu máli en okkur er ekki sama hvernig við

förum að því að ávaxta eignir okkar sjóðsfélaga. Við viljum veita ábyrga arðsemi með fjárhagslegum ávinningi en á sama tíma sýna samfélagslega ábyrgð. Við teljum

” Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á áhættumeðvitund.

að þetta tvennt geti alveg farið saman,” segir Tómas.

Þið hafið sagt að þið séuð óháð. Hvað eigið þið við með því?

„Við erum raunverulega óháð fjármálafyrirtæki, hluthafar félagsins eru dreifður hópur einstaklinga og félagið er með sterka fjárhagsstöðu. Við höfum það að markmiði að að taka, í öllum tilvikum, ákvarðanir sem byggja eingöngu á hagsmunum sjóðsfélaga okkar, sem þýðir að þeir eru alltaf í fyrsta sæti,” segir Tómas og bætir við: „Þau gildi og hugmyndafræði sem við störfum eftir eru ein stærsta ástæðan fyrir því að margir hafa treyst okkur fyrir séreignarsparnaðinum sínum, en það er svo mikilvægt að treysta þeim vörsluaðila sem sér um ávöxtun fjármuna. Allir sem koma til okkar vita fyrir hvað við stöndum og hvernig við gerum hlutina.

Við leggjum mikið upp úr því að vera fagleg í vinnubrögðum og ákvarðanatöku og því að veita góðar og gagnsæjar upplýsingar. Þannig byggjum við upp traust viðskiptavina okkar.“